

52

25. maí

8. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reiknings-skil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ráðherra afrit af efnahags- og rekstrarreikningum fiskiðjuversins, undirskrifað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur fiskiðjuversins á árinu. Reikningar skulu árlega birtir í B-deild stjórnartíðinda.

9. gr.

Fiskiðjuver ríkisins greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef meiri hluti hennar samþykkir, að selja fiskiðjuver ríkisins félagi útvegsmanna, útgerðarfyrirtækja eða samtökum samvinnufélaga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Jóhann Þ. Jósefsson.

53

25. maí

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927,
um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og við-
aukum við þau, skal varið þannig:

- a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 40% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
- c. 10% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum, og skal 1/3 hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en 2% til kennslukvikmyndasafns.
- d. 25% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.

2. gr.

Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússins.

53
25. maí

3. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1949 og þangað til byggingarkostnaður þjóðleikhússins er að fullu greiddur.

Meðan þessi lög gilda, frestast framkvæmd laga nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um Laxárvirkjunina.

54
25. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Laxárvirkjunin nefnist í lögum þessum núverandi virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar og aukningar hennar allt að fullvirkjun fallsins í þeim gljúfrum og tekur yfir orkuverið og aðalorkuveituna til Akureyrar.

Laxárvirkjunin skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, sem ráðherra staðfestir.

Heimili og varnarþing Laxárvirkjunarinnar skal vera á Akureyri.

2. gr.

Akureyrarkaupstað er heimilað að reka Laxárvirkjunina og auka hana frá því, sem nú er, samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ábyrgist lán, sem Akureyrarkaupstaður tekur til aukningar Laxárvirkjunarinnar, sbr. 1. málsgrein, að upphæð allt að 22 milljónum króna eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

3. gr.

Þegar hafin verður virkjun næst eftir þeirri, sem nú er í undirbúningi, og hvenær sem er eftir það, getur ríkissjóður gerzt meðeigandi að Laxárvirkjuninni með því að kaupa helming mannvirkja hennar. Kaupverðið eða hluta þess má ríkissjóður inna af hendi með því að taka á sig ábyrgð að tilsvarendi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag fæst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja,